

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, og Vélahjólalíþróttafélags Akraness (VÍFA) gera með sér eftirfarandi

SAMNING:

um afnot af landi undir motorkrossbraut, snyrti- og eldhúsaðstöðu ásamt greiðslu framkvæmda-kostnaðar við mótun lands og gerð motorkrossbrautar.

1. gr. – Skilgreining

Húsnæði og land undir motorkrossbraut, nánari lýsing:

Um er að ræða þrjú 20 ft. gámahús sem mynda eitt hús. Í húsnæðinu er lítil eldhúsinnrétting og salernisaðstaða. Aðilar skulu sameiginlega gera sérstaka búnaðarskrá sem skal liggja fyrir við undirritun þessa samnings. Búnaður þessi er í eigu Akraneskaupstaðar en er í fullri umsjá vélahjólaklúbbsins og til afnota. Aðstaða og búnaður er afhentur til afnota í núverandi ástandi. Stærð svæðis er um 11.3 ha (sjá meðf. yfirlitsmynd)

2. gr. – Skilmálar

VÍFA skuldbindur sig til að ganga vel um svæðið og húsnæðið. Einnig skuldbindur félagið sig til þess að halda akstursbrautinni snyrtilegri og í góðu ásigkomulagi. Skotfélag Akraness skal einnig hafa aðgang að gámahúsunum og skulu aðilar ganga frá samkomulagi sínu á milli um hvernig skiptingu á notkun hússins og kostnaði verði háttað.

4. gr. – Rekstrarkostnaður

VÍFA greiðir allan rekstrarkostnað vegna brautanna og húsnæðisins svo sem rafmagns- og hitunarkostnað og vélaleigu til að sinna daglegum rekstri. Akraneskaupstaður annast greiðslu eignagjalda og trygginga af húsnæðinu svo sem fasteignagjöld, brunatryggingar og aðrar eignatryggingar.

5. gr. - Viðhald, endurbætur og skil.

Akraneskaupstaður, sem eigandi húsnæðisins, annast allt stærra viðhald innan- og utanhúss í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á hverjum tíma. VÍFA annast allt smærra viðhald húsnæðis og brautar, þ.m.t. búnaðar, tækja og áhalda sem skapast í daglegum rekstri húsnæðisins og brautarinnar og skal m.a. annast öll þrif og umhirðu. VÍFA er heimilt á samningstímanum að láta gera á sinn kostnað endurbætur á húsnæðinu á, enda fái hann skriflega heimild Akraneskaupstaðar til þess fyrirfram.

6. gr. - Greiðsla stofnkostnaðar

Akraneskaupstaður greiðir til VÍFA á árinu 2011 samtals 1.500.000.- kr. vegna framkvæmda við brautir og mótun lands á svæðinu:

Þann 25. ágúst 2011	kr. 750.000.-
Þann 15. september 2011	kr. 750.000.-

Framkvæmastofa hefur eftirlit með umgengni félagsins á húsnæðinu og svæðinu heild sinni af hálfu Akraneskaupstaðar.

Handwritten signatures: JPH and another signature.

7. gr. – Samningstími og uppsagnarákvæði

Samningurinn gildir á milli aðila frá 1. maí 2011 til og með 1. september 2016 og lýkur þá samningnum án sérstakrar uppsagnar. Möguleiki er að framlengja samningnum um eitt ár í senn og skal gert skriflega á milli aðila. Samningur þessi er ekki framseljanlegur án samþykkis Akraneskaupstaðar. Aðilar þessa samnings eru sammála um að sameiginleg úttekt á búnaði og húsnæði fari fram einu sinni á ári og skal henni lokið fyrir 1. september ár hvert og liggi þá fyrir tillaga um nauðsynlegar endurbætur húsnæðis og brautar til úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs hjá Akraneskaupstað.

Akranesi, 24. ágúst 2011

F.h. Akraneskaupstaðar



AKRANESKAUPSTAÐUR
FRAMKVÆMDASTOFN

F.h. VÍFA




Jóhann Pétur Hilmarsson

Búnaðarskrá:


1. Gámahús með salernis og eldhúskrók. Inntakskassi hefur verið settur við húsið. Einnig er búið að ganga frá rotþró ásamt lögnum.
2. Starthlið
3. Slóðdragi (Ripper)

Akranesi, 24. ágúst 2011

F.h. Akraneskaupstaðar



F.h. VÍFA



Jóhann Pétur Hilmarsson